

Skýrsla stjórnar starfsárið 2019



Myndin er af skírteini til staðfestingar á að VSF hafi staðist úttekt IPMA á rekstri vottunarkerfis fyrir verkefnastjóra.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
SKIPAN STJÓRNAR	4
Rekstur og afkoma félagsins	4
Félagatal	4
VOTTUN	5
Vottanir starfsársins	5
Matsmenn	5
UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL	5
Fréttabréf og vefsvæði	5
VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR	6
Dagur verkefnastjórnunar	6
Viðurkenningar fyrir lokaverkefni í meistaranámi í verkefnastjórnun	7
Haustráðstefnan	8
Landsvirkjun hlýtur gullverðlaun IPMA Project Excellence Awards	9
ERLENT SAMSTARF	9
Nordnet fundir	9
Fundir fulltrúa aðildarfélaga IPMA	9
SAMANTEKT	10


INNGANGUR

Þegar litið er yfir starfsár Verkefnastjórnunarfélagsins (VSF) má segja að tvennt standi þar hæst. Annars vegar að félagið komst fyrir vind í innleiðingu á nýjustu útgáfu af hæfniviðmiðum í vottun verkefnastjóra og hins vegar rauður þráður sjálfbærni og loftlagsbreytinga sem lykiláskorun nútíma verkefnastjórnunar.

Á starfsári félagsins á undan þessu, var stærsta og mikilvægasta viðfangsefnið að koma á vottun í samræmi við kröfur fjórðu útgáfu af viðmiðum IPMA, alþjóðlegra samtaka verkefnastjórnunarfélaga, um hæfni verkefnastjóra. Í því fólst mikil undirbúningsvinna og fjárfesting af hálfu félagsins. Á starfsárinu sem nú er að líða má segja að nýja útgáfan hafi verið að fullu innleidd, ferli og umsýsla treyst í sessi eftir úttekt IPMA, lausir endar hnýttir og reksturinn komst í jafnvægi.

Rauður þráður sjálfbærni og loftlagsbreytinga kom síðan fram með áberandi hætti á nokkrum helstu viðburðum félagsins á starfsárinu. Á degi verkefnastjórnunar í maí var fjallað um hvernig verkefnastjórnun geti bjargað heiminum í ljósi yfirvofandi loftlagsvárs. Á haustráðstefnu félagsins var yfirskriftin framúrskarandi verkefni og sjálfbærni. Við þetta bættist að Landsvirkjun, sem auðvitað er aðili að VSF, varð fyrsta íslenska fyrirtækið til þess að vinna Project Excellence Awards verðlaun fyrir verkefnastjórnun á heimsráðstefnu IPMA síðasta haust. Grunnstef þeirrar ráðstefnu var sjálfbærni í verkefnastjórnun.

Þannig má segja VSF hafi endurnýjað stöðugan grunn í rekstri og viðgangi félagsins með nýrri útgáfu alþjóðlegra viðmiða – og á hinn bóginn má segja að aldrei hafi hlutverk verkefnastjórnunar verið eins stórtækt og mikilvægt í ljósi loftlagsbreytinga og aukinnar áherslu sjálfbærni. Félagið stendur því á traustum grunni en áskoranir verkefnastjórnunar hafa líklega aldrei verið fjölbreyttari og víðtækari.



Mynd 1 Hlutverk félagsins, sýn, kjarnahæfni og gildi

Hlutverk og tilgangur VSF (sem sjá má á myndrænu formi hér að ofan) er að styðja verkefni til árangurs, eða með öðrum orðum að stuðla að öflugu og lifandi þekkingarsamfélagi sem vottar samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum, skapar umhverfi og aðstæður til eflingar verkefnastjórnunar og fræðir með því að miðla efni um verkefni og verkefnastjórnun.

Stefnumótun og sýn félagsins var mótuð fyrir 6 árum, á 30 ára afmælisári félagsins 2014. Á komandi starfsári verður helsta áskorunin að skerpa áherslur og velja ný verkefni til að fylgja þeim eftir.

SKIPAN STJÓRNAR

Ný stjórn var kosin á aðalfundi félagsins þann 6. mars 2019. Úr stjórn gengu þau Alexander Þórisson, Jón Már Halldórsson, Kristján Ari Úlfarsson, og Þór Hauksson.

Fimm einstaklingar gáfu kost á sér í stjórn félagsins og þurfti því að ganga til kosninga. Fór svo að eftirtaldir hlutu kosningu: Eiríkur Steinn Búason, Íris Arnlaugsdóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir og Þór Hauksson

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 20. mars 2020 skipti stjórn með sér verkum. Þór Hauksson var valinn formaður, David Lynch varaformaður, Ásdís Jóhannesdóttir gjaldkeri og Linda Björk Hávarðardóttir ritari. Meðstjórnendur Eiríkur Steinn Búason, Íris Arnlaugsdóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir og varamaður, Haukur Ingi Jónasson

Rekstur og afkoma félagsins

Helsta verkefni ársins var áframhaldandi innleiðing á ICB4, úrvinnslu á ábendingum IPMA eftir úttekt á vottunarstarfseminni haustið 2018 og eftirfylgni á vottunarferlinu skv. nýjum reglum.

Í byrjun árs var undirritaður nýr húsaleigusamningur við VFÍ sem lækkar húsnæðiskostnað félagsins töluvert, eða um 300.000 kr. Einnig náðist hagræðing í síma- og fjarskiptamálum með tengingu við net Verkfræðingafélagsins.

IPMA hefur hækkað vottunargjöld sín og hefur það áhrif á gjöld félagsins ásamt gengisskráningunni.

Velta félagsins árið 2019 var rúmar 19,1 milljónir króna, sem er 1,8 m. kr. undir áætlun. Tekjuáætlanir gengu eftir nema fyrir haustráðstefnuna sem var um 1,5 m. undir áætlun. Sem fyrr eru tekjur af vottun megin uppistaða teknanna eða rúm 72%.. Miðað við fyrra ár er hlutfall vottunartekna nánast það sama og árið áður en ráðstefnutekjur nánast helminguðust frá fyrra ári. Félagsgjöld voru hækkuð á árinu og voru tekjur vegna félagsgjalda rúmum 20% hærri en árið 2018. Fjöldi félaga er nokkuð óbreyttur á milli ára.

Helstu kostnaðarliðir félagsins eru laun og launatengd gjöld, ráðstefnu- og fundakostnaður og skrifstofu og húsnæðiskostnaður. Þá greiða samtökin um 1,4 milljónir til Alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga, IPMA, vegna félags- og vottunargjalda.

Félagið er nú vel statt hvað vottunarmál varðar. Ferlar hafa slípast vel til, tvær vinnustofur hafa verið haldnar með matsmönnum frá upptöku ICB4. Skoðanakönnun meðal allra sem hófu vottunarferli árið 2019 var framkvæmt. Niðurstöður voru mjög góðar og má félagið vel við una með niðurstöður.

Segja má að IPMA geri úttekt árlega á starfsemi vottunarskrifstofu. Á þriggja ára fresti er stór úttekt, framkvæmd á starfsstöð VSF af tveimur matsmönnum (Validators). Þess á milli er rafræn úttekt í formi ársskýrslu til IPMA, en töluvert af upplýsingum og sönnunum þarf að senda til IPMA.

Að kröfu IPMA bar VSF að koma á fót „Scheme committee“ og Innri endurskoðun í tengslum við vottunarstarfsemina, en starfslýsing þessara nefnda er að finna í ICR4. Báðar þessar nefndir störfuðu á árinu og komu góðum ábendingum á framfæri við vottunarskrifstofuna.

Almennt má segja að nokkurs aukins áhuga gæti hjá verkefnastjórum að fá viðurkenningu á reynslu sinni og hæfni með því að sækja um IPMA vottun. Einnig hefur borið á því að kaupendur þjónustu vegna framkvæmda séu farnir að gera kröfu um að verksalinn hafi innan sinna raða vottaða verkefnastjóra.

Félagatal

Ávallt er einhver hreyfing á félagatalinu. Alþjóðasamtök verkefnastjórnunarfélaga IPMA innheimtir skatt af hverjum greiðandi félaga. Samkvæmt IPMA talningu eru félagar í VSF árið 2019 297, voru 283,

2018. Hvert fyrirtæki telur skv. IPMA sem 5 greiðandi félagar. 46 fyrirtæki og 67 einstaklingar voru skráðir í félagið. Félagar sem fá sent fréttabréf frá félaginu eru rúmlega 400.

Á síðasta aðalfundi (í mars 2019) var lögð fram tillaga um breytta uppbyggingu félagsgjalda sem var samþykkt. Nýja módelið skilaði félaginu um 20% hærri tekjum en árið áður.

VOTTUN

ICB4 var að fullu innleitt árið 2019.

Vottanir starfsársins

Árið 2019 var fjöldi vottana svipaður og árið áður. Fjöldann má sjá í töflunni hér fyrir neðan. Alls komu 10 hópar í vottun hjá félaginu.

Ár	A stig	B stig	C stig	D stig	Alls
Frá upphafi (1997)	1	86	186	1827	2100
2017		5	6	150	165
2018		5	5	169	184
2019		2	2	175	179

Nokkrir umsækjendur eiga eftir að skila skýrslu og fara í viðtal en skv. reglum IPMA hafa umsækjendur eitt og hálf ár til þess að ljúka vottunarferlinu.

Samstarf við menntastofnanir varðandi vottun er gott og vottar félagið sem áður nemendur úr MPM námi Háskólans í Reykjavík, Endurmenntun Háskóla Íslands, Símenntun hjá Háskólanum á Akureyri og APME (Applied Project Management Expert) náminu hjá Opna háskólanum í Reykjavík. Samningar um vottun eru á milli VSF og þessara stofnana. Af og til koma einnig hópar sem eru hér á landi á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna sem hafa sem hluta af náminu hér farið í námskeið um verkefnastjórnun. Á síðasta ári komu til að mynda nemendur í Jarðhitaskólanum í vottun.

IPMA vottun var einnig sérstaklega kynnt fyrir meistaranemum í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands og Bifröst og Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna. Einnig voru sérstakar kynningar fyrir Ríkiskaup og Norconsult.

Matsmenn

Á árinu lauk Krístrún Anna Konráðsdóttir þjálfun sem matsmaður og hefur þegar lagt sitt af mörkum við vottun. Aðalbjörn Þórólfsson á eftir að síðasta skrefið í þjálfum sinni

Þann 13. jan sl. hélt forstöðumaður vottunarskrifstofu vinnustofu fyrir matsmenn þar sem farið var yfir vottanir ársins 2019, endurgjöf frá umsækjendum, verklag og verklagsreglur og rætt um hvað gera mætti betur.

UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins er með ýmsum hætti, aðallega þó rafrænum; með fréttabréfum, auglýsingum og öðru efni tengdu verkefnastjórnun.

Fréttabréf og vefsvæði

Á stjórnarárinu 2019-2020 hafa verið send út 20 rafræn auglýsinga- og fréttabréf til félagsmanna með kynningum á fundum og viðburðum auk upplýsinga og fróðleiks sem stjórn félagsins telur að eigi erindi við félagsmenn. Nokkrar beiðnir frá Háskóla nemendum um aðgang að félagaskrá VSF vegna skoðanakannana haf verið sendar út af félaginu. Félagið heldur úti vefsvæði fyrir félagið www.vsf.is. Þar má finna upplýsingar um félagið, vottunarferlið, fundi og viðburði. Félagið rekur fyrir NORDNET

vefinn www.pmnordnet.org. Fyrir ráðstefnuhald notar félagið netfangið www.verkefnastjornun.is. Á árinu skráði VSF lénið www.ipma.is, en það vísar á vsf.is., er mælt með því af IPMA og einnig að aðildarfélög noti merkið (logo) IPMA Iceland. VSF hefur bætt IPMA merkinu við á heimasíðu sína.

VIÐBURÐIR OG VIÐURKENNINGAR

VSF stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum á árinu. Í töflu 1 má sjá samantekt helstu viðburða félagsins á starfsárinu; fræðslufundir, fyrirtækjaheimsóknir, ráðstefnur og aðrir viðburðir sem VSF stóð fyrir eða átti aðild að. Helstu samstarfsaðilar um fræðslufundi og viðburði eru Dokkan og MPM námið.

Tafla 1 Yfirlit helstu viðburða á vegum VSF á starfsárinu

Dags	Staður	Viðburður / erindi	Framsaga / ábyrgð
6.03.2019	Engjateigur 9	Aðalfundur	
26.3.2019	Engjavegur 6	Reykjavíkur maraþon	Hildur Jóna Bjarnadóttir
8.5.2019	EFLA verkfræðistofa, Lynghálsi.	Varmaendurvinnsla nýtt til húshitunar	Leó Blær Haraldsson, vélaverkfræðingur Gestur Valgarðsson, fagstjóri vélasviðs Brynjar Bragason, rafmagnstæknifræðingur Brynjólfur Smáráson, sviðsstjóri iðnaðarsviði Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, dósent tækni- og verkfræðideild HR María Sigríður Guðjónsdóttir, lektor, sviðsstjóri véla- og rafmagnssviðs HR
17.5.2019	Háskólinn í Reykjavík	Dagur verkefnastjórnunar	Í samvinnu VSF og MPM námsins
16.06.2019	Harpa	Afhending viðurkenningar fyrir lokaverkefni í MPM námi	Stjórn VSF og Dr. Haukur Ingi Jónasson
11.9.2019	Engjateigur 9	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson
29.10.2019	Helsinki, Finnland	Diversity in Project Management	VSF styrkti ráðstefnuna
8.11.2019	Hótel Hilton Nordica	Haustráðstefna VSF (sjá nánari umfjöllun í texta)	Ýmsir
21.1.2019	Engjateigur 9	Kynning á vottun verkefnastjóra	Theodór Ottósson

Dagur verkefnastjórnunar

Dagur verkefnastjórnunar, í samstarfi VSF og MPM námsins, var haldinn föstudaginn 17. maí 2019. Þetta var í þriðja skipti sem viðburðurinn er haldinn með þessari yfirskrift og er hugsaður sem heils dags viðburður sem skiptist í tvennt: eftir hádegið fara fram kynningar meistaránema MPM námsins á eigin lokaverkefnum, en fyrir hádegi tileinkað vinnustofu almennari umfjöllun verkefna og verkefnastjórnunar.

Að þessu sinni var vinnustofan tileinkuð þeim miklu áskorunum sem blasa við í umhverfis- og loftlagsmálum út frá sjónarhóli verkefnastjórnunar. Bar vinnustofan metnaðarfulla yfirskrift: Hvernig björgum við heiminum með verkefnastjórnun?

Eins og venjulega héldu nokkrir framsöguaðilar stutt erindi eða kveikjur, í upphafi vinnustofunnar. Kveikjurnar fjölluðu um fjórar víddir verkefnastjórnunar til að bjarga heiminum; leiðtogans (Jón Steindór Valdimarsson), samskipta (Tinna Lind Gunnarsdóttir), stefnumótunar (Guðmundur Þorbjörnsson) og skipulags (Hera Grímsdóttir).

Að venju voru umræður fjörugar og niðurstöður áhugaverðar.



Mynd 2 Þór Hauksson, formaður VSF, afhendir Dr. Helga Þór Ingasyni heiðursviðurkenningu frá IPMA, á degi verkefnastjórnunar, 17.mai 2019

Í lokahófi dags verkefnastjórnunar, afhenti formaður VSF Dr. Helga Þór Ingasyni heiðursviðurkenningu frá IPMA, alþjóðasamtökum verkefnastjórnunarfélaga. Viðurkenninguna hlaut Helgi Þór fyrir ötult og mikilvægt starf sitt innan IPMA í þágu rannsókna í verkefnastjórnun. Árið 2013 var Dr. Helgi Þór valinn til setu í rannsóknarráði IPMA og á árunum 2016-2018 var hann rannsóknarstjóri samtakanna.

Viðurkenningar fyrir lokaverkefni í meistaranámi í verkefnastjórnun

Félagið veitti í fjórða sinn viðurkenningu fyrir lokaverkefni í meistaranámi í verkefnastjórnun við Háskólann í Reykjavík og í fyrsta sinn fyrir meistararitgerð í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands. Félagið veitir þessar viðurkenningar fyrir lokaverkefni sem að mati dómnefndar (skipuð af stjórn félagsins), felur í sér mest framlag til þekkingar á sviði verkefnastjórnunar, er frumlegt en hefur jafnframt hagnýtingargildi nú eða í náinni framtíð.

Það er einkar ánægjulegt að félagið veiti nú viðurkenningar til beggja háskóla; til hvatningar og viðurkenningar til þeirra sem leggja stund á meistaranám í verkefnastjórnun beggja skóla.

Viðurkenninguna fyrir lokaverkefni í MPM námi Háskólans í Reykjavík hlutu þær Bryndís Reynisdóttir og Kristveig Þorbergsdóttir fyrir verkefni sitt sem bar yfirskriftina „*Verkefnastjórnsýsla, hvar erum við stödd?*“.

Viðurkenninguna fyrir meistararitgerð í verkefnastjórnun við Háskóla Íslands hlaut Margrét Lúthersdóttir, sem bar heitið „*Gefandi, krefjandi og gríðarlega áhugavert. Starfað fyrir Rauða krossinn á Íslandi og staða félagsins hérlendis*“.

Haustráðstefnan

Haustráðstefna VSF var haldin 8. nóvember 2019 frá kl. 09:00 til 17:00 á Hótel Hilton Reykjavík Nordica. Ráðstefnan bar yfirskriftina „**Framúrskarandi verkefni og sjálfbærni**“ og var leitast við að skoða viðfangsefnið frá ólíkum sjónarhornum og með virkri þátttöku ráðstefnugesta.

Undirbúningur ráðstefnunnar var í höndum ráðstefnunefndar sem var skipuð af stjórn um vorið. Nefndin tók strax til starfa og drög að dagskrá lágu fljótlega fyrir. Ráðstefnudeginum var skipt í tvo hluta, fyrir og eftir hádegi. Boðið var upp á að skrá sig hálfan eða heilan dag. Fyrir hádegi var viðfangsefnið **Framúrskarandi verkefni** og lauk þeim ráðstefnuhluta með pallborðsumræðum. Eftir hádegi var fyrirkomulagið með sama hætti en sjónum var þá beint að **Sjálfbærni**. Að auki voru lokaverkefni í meistaranámi í verkefnastjórnun sem hlutu viðurkenningu frá félaginu kynnt.

Ráðstefnugestir voru tæplega 60. Sex fyrirlesarar fluttu erindi á ráðstefnunni, þar af tvær konur. Fyrirlestrarnir voru fjölbreyttir og í anda yfirskriftar ráðstefnunnar og erindin voru bæði áhugaverð og fróðleg.

Tveir lykilfyrirlestrar voru á dagskránni:

- Valur Knútsson, yfirverkefnisstjóri Þeistareykjaverkefnis kynnti verkefnið, en það hlaut gullverðlaun IPMA Project Excellence Award árið 2019.
- Christina Rydgren, varaformaður sænska verkefnastjórnunarfélagsins, A-vottaður verkefnastjóri og stofnandi The Goodwind Company, flutti fyrirlestur sinn “Leading in Chaos”

Aðrir fyrirlesarar voru:

- Ólafur Sólimann, verkefnastjóri hjá Stafrænni Reykjavík, með erindið **Innleiðing á G-Suite skólaumhverfinu hjá Reykjavíkurborg**
- David Lynch, sérfræðingur í verkefnastjórnun hjá Tollstjóra og IPMA Global Project Excellence Awards matsmaður, með erindið **Yfirburðaverkefnastjórnun: IPMA Project Excellence Baseline**
- Sandra Rán Ásgrímsdóttir, sjálfbærniverkfræðingur hjá Mannviti, með erindið **“Hvernig innleiði ég sjálfbærni í verkefni?”**
- Hafþór Ægir Sigurjónsson, ráðgjafi hjá Circular Solutions, með erindið **Sjálfbærni fyrirtækja**

Pallborðsumræður fóru fram með þeim hætti að ráðstefnugestir sendu inn spurningar í gegnum forritið Slido. Fyrirlesarar, auk Hauks Inga Jónassonar, lektors við Háskólann í Reykjavík, sátu fyrir svörum og góð umræða náðist um þau málefni sem voru gestum ráðstefnunnar efst í huga.

Að lokinni formlegri dagskrá var boðið upp á léttar veitingar og gafst ráðstefnugestum tækifæri til þess að spjalla og efla tengslanet sitt.

Landsvirkjun hlýtur gullverðlaun IPMA Project Excellence Awards

VSF hefur kynnt þessi verðlaun hér á landi og talað fyrir gildi þeirra á undanförunum árum, en það var Landsvirkjun sem varð fyrsta íslenska fyrirtækið til þess að sækja formlega um í mars 2019. Verkefnastjórnun Þeistareykjavirkjunar var lögð í dóm keppinnar og eftir langt og strangt umsóknar- og matsferli var ljóst í júlí að verkefnið væri komið í úrslit í sínum flokki. Á heimsráðstefnu IPMA í Merida í Mexíkó í september var síðan upplýst að Þeistareykjavirkjun hefði hlotið gullverðlaunin. Í úrskurði dómnefndar sagði meðal annars að verkefnið hefði einkennst af framúrskarandi samskiptum við hagsmunaaðila á undirbúnings- og framkvæmdastigi. Þetta er einstakur árangur og mikil viðurkenning fyrir Landsvirkjun og alla sem að verkefninu stóðu.

ERLENT SAMSTARF

Erlent samstarf félagsins var með nokkuð hefðbundnum hætti á starfsárinu og að mestu tengt alþjóðasamtökum verkefnastjórnunarfélaga, IPMA, með einum eða öðrum hætti.

Nordnet fundir

Á síðasta ári voru það Finnar sem fórum með forystu í NORDNET, samtökum norrænu IPMA aðildarfélaganna. Formlegir fundir voru haldnir í tengslum við fulltrúaráðsfundi IPMA, í Kaupmannahöfn og Merida í Mexico. Að afloknum Nordnet fundinum í Merida tóku Lettar við sem forystuland í samtökunum.

Fundarefni þessara funda er að vanda fjölbreytt. Skipst er á upplýsingum um starfið í hverju landi fyrir sig. Nýr samstarfssamningur var undirritaður og stefnumótun samtakanna samþykkt, en hún byggir að mestu á stefnumótunavinnu sem unnin var innan VSF og Þór Hauksson leiddi.

Fundir fulltrúa aðildarféлага IPMA

Formaður VSF, Þór Hauksson, Ásdís Jóhannesdóttir, gjaldkeri og framkvæmdastjóri félagsins, Theodór Ottósson, sóttu vorkund fulltrúaráðs IPMA í Kaupmannahöfn í mars. Theodór sat Certification System Panel (CSP) sem fjallar um vottunarmál en Þór var aðalfulltrúi Íslands á fundi aðildarfélaganna (CoD). Þór og Ásdís sátu fulltrúaráðsfundinn (CoD)

Haustfundur fulltrúaráðs IPMA var haldinn í Merida í Mexico og sótti framkvæmdastjóri og formaður Nordnet, CSP og CoD fundina f.h. Íslands. í september.

Helstu mál fundanna voru að venju ýmis mál er varða rekstur samtakanna; fjármál, markaðsmál, aðild að samtökunum, fræðslumál, vottanir, heimsráðstefnan o.fl. Það er alltaf uppörvandi og nytsamlegt að hitta fulltrúa annarra IPMA landa og fræðast og skiptast á skoðunum um rekstrarmál félaganna.

Góður fundur og stofnað til nýrra tengsla sem hafa nýst vel.

SAMANTEKT

Innleiðing á nýjum og uppfærðum vottunarviðmiðum hefur verið tímafrekt og krefjandi verkefni. Eðli málsins samkvæmt var það viðfangsefni fyrirferðarmikið í jafn litlu félagi og okkar sem þó framkvæmir fleiri vottanir árlega en mörg aðildafélaga IPMA í mun fjölmennari löndum.

Nú þegar við höfum að fullu innleitt viðmiðin í starfsemi félagsins og reksturinn kominn í meira jafnvægi, er eðlilegt að staldra við til að velja áherslur komandi mánaða.

Félagið stendur á traustum grunni en vegna smæðar hefur það ekki bolmagn til umfangsmikilla fjárfestinga og verkefna. Við stöndum frammi fyrir stórum og krefjandi áskorunum eins og loftlagsmálum og sjálfbærni og þurfum að velja áherslur félagsins af kostgæfni til þess að þær skili sem mestum ávinningi.

Núverandi stefnumótun og áherslur félagsins voru mótaðar fyrir sex árum í kjölfar 30 ára afmælis félagsins árið 2014. Ýmis tækifæri til þróunar þekkingarsamfélags verkefnastjórnunar hér á landi eru til staðar, en mikilvægt er að velja áherslur af kostgæfni með lengri tíma sýn en eins starfsárs í huga. Því hvaða hlutverk ætlar félagið sér eftir aðeins fjögur ár, á 40 ára afmæli þess?

*Fyrir hönd stjórnar,
Þór Hauksson
Formaður VSF*